

Morgunblaðið

MÍÐVIKUDAGUR 30. MARS 2022

• Stofnað 1913 • 75. tölublað • 110. árgangur •



JUKU HLUTAFÉ
ICELANDAIR
HOTELS

VÍDSKIPTAMOGGINN



TILNEFND FYRIR ISLAND
VERÐLAUN FRÁ NORÐURLANDARÁÐI 28

ÁTTU ALDREI
MÖGULEIKA Í
SPÁNVERJA

LANGSTÆRSTA TAPID 26



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon
Meistarar Akureyringar fagna.

Meistarar fjórða árið í röð

● SA vann stórsigur í fjórða úrslitaleiknum

Skautafélag Akureyrar tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í ishokki karla fjórða árið í röð og í 23. skiptið samtals með stórsigri á Skautafélagi Reykjavíkur, 9:1, í fjórða úrslitaleik liðanna í Skautahöllinni í Laugardal í gærkvöld.

Eftir þrjá hörkuleiki hjuggust margir við sigri SR í kvöld og oddaleik um titilinn á Akureyri annað kvöld en norðamenn gerðu út um leikinn í öðrum leikhlutu þegar þeir skorðuð þrjú mörk á fjórum mín-



Morgunblaðið/Oskar Hallgrímsson

trufflumsjör Samlokur smurðar með trufflumsjöri í Kænugarði fyrir hermenn og sjúkrahúsin í kring. Það eru sjálfbodaðliðar sem sjá um eldamenskuna.

Stefnt að nýrri verksmíðu í Þorlákshöfn



■ Þýski iðnrisin Heidelberg hyggst reisa verksmíðu í Þorlákshöfn, þar sem blanda á saman efnunum úr móbergsgjöllunum Litla-Sandfelli og Lambafelli. Fyrirtækið Eden, í eigu Eiríks Ingvarssonar og Kristíns Ólafssonar, fer með námuverðingum í fjöllum. Eiríkur segir að úr móbergi fjallanna eigi að fást fullkomin efnablenda fyrir sementsframleiðslu. » VískaMoggin

Verða vör við stríðið með óbeinum hætti



■ Árni Þór Sigurðsson, sendiherra Íslands í Moskvu, segir íbúa borgarinnar ekki verða vara við stríðið í Úkraínu nema með óbeinum hætti. Enda eigi það sér stað langt í burtu. Fólk finnur áhrif víðskiptabansins á vestrænum verslanekkjum sem hafa lokað dýrum sínum. Hann segir hillur margra verslana tómar og verðlag hekkad, en gengi rúblunnar hefur fallið um helming frá áramótum. » 4

Standa allir saman er á þarf að halda

Oskar Hallgrímsson, ljósmyndari búsettur í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, segir ástandið í landinu minna sig á Ísland á vissan hátt.

„Það vilja allir hjálpast að og leggja sitt af mörkum til þess að verja landið og þjóðina. Þetta minnir mikið á Ísland; þegar það vantar hjálpu eru allir tilbúin að hjálpa og það standa allir saman þegar þarf,“ segir Oskar.

Búið er að koma upp sjálfbodaðliðum víðs vegar um borgina þar sem eldað er fyrir hermenn og sjúkrahúsin í kring. Þar mætir svo almennigur með það sem vantar til matreiðslunnar og leggur sitt af mörkum.

„Það er verið að gera vel við hermennina, um daginn voru í boði samlokur með trufflumsjöri.“

Líður að fundi milli leiðtoga tveggja

● Undirbúa samning um hlutlausu Úkraínu og segjast munu draga úr hernaðaraðgerðum

Friðarvörðum Úkraínu og Rússlands miðar áfram og vonir vöknudu í gær um að tími væri kominn til að boda til fundar milli leiðtoga þjóðanna tveggja. Rússar hafa samþykkt að draga úr hernaðarumsvifum í norðurhluta Úkraínu, þar á meðal í grennd við höfuðborgina Kænugarð. Samkvæmt upplýsingum rússnesku sendinefndarinnar er þetta mögulegt í ljósi þess að verið sé að undirbúa samninga þess efnis að Úkraína verði hlutlaust ríki.

Efasemdir vestrænna leiðtoga

Utánríkisráðherra Bandaríkjanna tekur fögru um fyrirheitum Rússa með fyrirvara. Hann kveðst ekki hafa séð neitt sem getur til kynna að þeir ætli sér að fylgja þessu eftir á skilvirkan máta. Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, tók í sama streng og Bandaríkjamenn og kvaðst dæma Pútín

og stjórn hans á grundvelli gjörða þeirra en ekki þeirra orða sem frá þeim kæmu.

Loftarás á opinbera byggingu

Minnst níu létu lífið og tuttugu og átta særðust í loftárás Rússa á opinbera byggingu í borginni Mikóláiv, suðnarlega í Úkraínu, skammt frá hafnarborginni Óðessa við Svartahafið í gær. Úkraínski herinn stendur vel að vígi í norðurhluta landsins en virðist eiga erftitt með að standa vörð um suðurhluta þess. Ástandið í Mariupól er einstaklega slæmt, en um fimm þúsund manns eru taldir hafa látið þar lífið hið minnsta.

Þjóðernissinnar verði að leggja niður vopn

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, og Emmanuel Macron, forseti Frakklands, ræddu saman í gær. Í tilkynningu frá Kremli segir að Pútín hafi

tjáð Macron að þjóðernissinnar í Mariupól verði að leggja niður vopn til að hvegt sé að takast á við ástandið í borginni og auðveldi hjálparstarf.

Krefjast greiðslu í rúblum

Til að svara efnahagsþvingunum vestrænna ríkja á hendur Rússlandi hafa ráðamenn þar tilkynnt að Rússland muni eingöngu taka við greiðslu fyrir eldsneyti í formi rússneska gjaldmiðilsins, rúblunnar. Því skilyrði hefur verið hafnað í Evrópu. Gengi rúblunnar, sem féll hratt eftir innrásina, hækkaði um tíu prósent gagnvart bandaríkjadólar í gær eftir fregnir af árangri í viðræðunum. Á sama tíma hefur ríkisstjórn Póllands sett lög sem banna innflutning kola frá Rússlandi. Talsmaður pólsku ríkisstjórnarinnar segir hana ekki geta beðið lengur eftir ákvörðun ESB og hún hafi því tekið þetta skref sjálf. » 4, 10, 11 og 12



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafaryrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málafni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðtöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hæg viðskiptavinum, samstarfsmönnum og samfélagsins sem þeir starfa í.



UPPGJÖRIÐ VIÐ ALBRIGHT

Hún var brautryðjandi og bar af sem diplómati, en ferill Madeleine Albright var samt ekki áfallalaus. ➔ 10

KOMIN AFTUR Á FULLA FERÐ

Birgir Viðarsson hjá Sjóvá segir meiri hraða kominn í samfélagið eftir tvö róleg ár og felst í því áskorun fyrir tryggingafélagin. ➔ 11



VIÐSKIPTA Mogginn

MÍÐVIKUDAGUR 30. MARS 2022

Hvað var það sem Monroe vaknaði alltaf með? ➔ 8


Juku hlutaféð um tvo milljarða

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Eigandi Icelandair Hotels hefur lagt fyrirtækinu til nýtt hlutafé en eigið fé fyrirtækisins var orðið neikvætt vegna áhrifa af kórónuveirunni.

Beirja Property Ireland, eigandi hótellekjunnar Icelandair Hotels, hefur aukid hlutafé fyrirtækisins um tæpa tvo milljarða. Þetta herma áreiðanlegar heimildir ViðskiptaMoggans. Eigið fé fyrirtækisins var orðið neikvætt eftir tvö þung rekstrarár í kjölfar þess að kórónuveiran lagði ferðafjölmestu hér á landi, líkt og um heim allan, á hlöðna á einu augabragði.

ViðskiptaMogginn greindi frá því í byrjun september í fyrra að tap hótellekjunnar hefði numið 4,8 milljörðum króna á árinu 2020. Ársreikningur fyrir árið 2021 liggur ekki fyrir. Heimildir blaðsins herma þó að hið mikla tap ársins



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Nýjasta viðbótin í hótellekju Icelandair Hotels er Iceland Parliament Hotel við Austurvöll.

2020 hafi gengið að stórum hluta til baka á síðasta ári þar sem gengistap vegna lánasamninga hafi rést þegar íslenska krónan rétti úr kútnum.

Í árslok 2020 var eigið fé móðurfélags Icelandair Hotels neikvætt um 531 milljón króna. Því er líóst að hin tveggja milljarða innsóttir

félagið hefur í mesta lagi tryggt eigið fé sem nemur 1,5 milljörðum króna en afkoma síðasta árs mun geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar í þeim efnum.

Heimildir ViðskiptaMoggans herma að nýja hlutaféð hafi annars vegar verið reitt fram í reiðufé og hins vegar eignum. Þannig hafi eigandinn, sem lýtur stjórn Tan Sri Vincent Tan Chee Youn, einnig lagt inn í Icelandair Hotels eignir sínar á Miðbakka í Reykjavík, þ.e. Geirsgötu 11. Þar hefur fyrirtækið lýst yfir áhuga á að reisa Four Seasons-hótel fyrir um 40 milljarða króna. Borgaryfirvöld hafa tekið mjög dræmlega í þá hugmynd og boðið þess í stað lóð undir lúxus-hótelinu úti í Örnirsey. Geirsgata 11 er í útleigu.

Icelandair Hotels hafa um árabill unnið að uppbyggingu lúxushótelis við Austurvöll í gamla Landssímahúsinu. Heimildir ViðskiptaMoggans herma að síðustu áætlanir um að opna hótelinu í byrjun júní muni ekki standast. Því ráði hökt á aðfangakeðjum og að enn eigi eftir að tryggja innviðtíngar og hóstaámað hótelinu.



Sjá mikil tækifæri í Þrengslunum

lónaðarissinn Heidelberg stefnir á milljarða uppbyggingu í Þorlákshöfn. Tvö fjöll í nágrenninu leika lykilhutverk í ákvörðuninni.



Morgunblaðið/Arni Sæberg
Eiríkur Ingvarsson hefur lengi komið að námuvinnslu hér á landi.

Evrópu. Nú þegar þeim er lokað hverju á fætur öðru skapast þörf fyrir framleiðslu efnisins annars staðar frá.

Tvö móbergssfjöll, Litla-Sandfell og Lambafell, eru í eigu Kirkju sjöunda dags adventista en söfnuðurinn hefur leigt námuvéttindin áfram til fyrirtækisins Eden sem er í eigu Eiríks Ingvarssonar og Kristins Ólafssonar.

Að sögn Eiríks stefnir í að Heidelberg reisi verksmiðju í Þorlákshöfn sem hafi það hlutverk að blanda saman móberginu úr fyrrenefndum fjöllum og skapa með því

hina fullkomnu efnablöndu í sementsframleiðslu. Þaðan verður henni siglt til Evrópu og inn á þann risavaxna markað. Uppbyggingin í Þorlákshöfn mun kosta um 10 milljarða og þegar fram í skair skapa 50 til 60 störf á ársgrundvelli. Eiríkur bendir á að þessi framleiðsluáætlun sé umhverfisvæn enda komi hún ekki til með brennslu brúnkola eins og verið hefur. Áætla má að framleiðslan leysi af hólmi kolabrennslu sem losi um 700 þúsund tonn af gróðurhúsalofttegundum ➔ 6 á ári hverju.

Rapyd

Við kynnum **Apple Pay** fyrir netverslanir

rapyd.net

Leysa vanda sem fylgir l

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Íslenskt námufrirtæki vinnur að nýrri lausn sem leysa mun stóran vanda sem fylgir lokun stærstu kolaorkuvera Evrópu. Við orkuskipti í álfunni glatar byggingariðnaðurinn aðgengi að mikilvægu íblöndunarefni sem fellur til við kolabruna en íslensk náttúra hefur svar við vandanum. Að öllu óbreyttu stefnir í milljarða fjárfestingu vegna þessa í Þorlákshöfn en námuvinnslan á sér stað í landi sem er í eigu Kirkju sjöunda dags aðventista.

Við tyllum okkur niður á fallegu veitingahúsi í miðborginni, rétt í þann mund sem hádegisósín tekur á sig mynd. Eiríkur Ingvarsson mætir með kasketi og blaðabunka undir hendi. Það er margt að ræða. Ástæða fundarins er verkefni sem hefur verið lengi í bígerð en er nú komið á góðan rekspól og mun, ef allar áætlanir standast leiða til milljarða fjárfestingar í íslensku efnahagslífi á komandi árum.

Það er með þetta verkefni eins og svo mörg önnur að tilviljanir leiða menn af stað og fyrr en varir opnast tækifæri sem engan örði fyrir að væru til staðar, jafnvel við hvert fótímal eins og í þessu tilviki. Í þessari frásögn tvinnast saman ákvarðanir genginna kynslóða, hjónaband og trúmál en fyrst og síðast seigla og þolinmæði.

Þannig var að árið 1984 gekk Eiríkur í trúfélag sjöunda dags aðventista sem flestir þekkjá aðeins af afspurn eða með óljósi vísan til safnaðarins sem á mikió og fallegt guðshús í Ingólfrstærvi. Ákvörðunina tók hann eftir að hafa verið í Hlíðardalsskóla. Síðar kynnt hann konu sinni en fjölskylda hennar hefur átt sameið með söfnuðinum í hartnær 100 ár.

„Það var um aldamótin síðustu sem forystumenn safnaðarins fengu mig til þess að koma að úrlausn erfiðra samninga um nýtingu námuéttinda sem kirkjan hefur átt í áratugi. Það hafði mikió gengið á hjá fyrirtækjunum sem voru með samningana og staðan ekki góð. Það var vandasamt verk. Á þeim tíma var verið að nýta þessar námur sem uppþyllingarefni í húsrúna og ég samfaerðist fjótt um að þarna væri verið að nýta verðmætt efni með röngum hætti.“

Tvö fjöll verða að einu

Þar visar Eiríkur í miklar námur í Lambafelli og Litla-Sandfelli sem eru fjöll skammt frá Þrengslaveginum sem ekið er eftir á leið suður til Þorlákshafnar. Námurarnar eru í landi sem aðventistar eignuðust fyrir 75 árum.

„Það voru forsjálar menn í söfnuðinum sem keyptu þetta land árið 1947 til þess að koma upp heimavistaraskóla, Hlíðardalsskóla. Síðar hefur komið í ljós að þetta land er auðugt að efni. Hefur auk þess að geyma einstakar náttúruperlur og þar er einnig jarðhita að finna,“ útskýrir Eiríkur. Úr varð, eftir ráðgjafarstórnin í þágu kirkjunnar, að Eiríkur stofnaði fyrirtæki um rekstur námanna í samvinnu við kirkjuna og í samfloti við viðskiptafélaga hans, Kristín Ólafsson. Náfn fyrirtækisins þarf kannski ekki að koma sérstaklega á óvart – Eden ehf.

„Við sáum tækifæri í því að koma þessu efni í önnur og mikilvægari verkefni en að fylla húsrúna. Við töldum að það væri mögulegt að vinna efnið þannig að það gæti nýst í efnablöndur hjá stórfyrirtækjum erlendis. Það er ekkert grín að komast inn í slíkt samstarf og það kallar á miklar rannsóknir og undirbúning, en þegar það tekst er von á því að hægt sé að byggja upp langtíma viðskiptasambandi.“

Danir fyrstu samstarfsaðilarnir

Og þannig hófust þeir félagar handa og fyrsta tækifærið sáu þeir í því að vinna sand fyrir



Eiríkur Ingvarsson hafði forgöngu um uppbyggingu ferðabjónustu í tengslum við Raufarhólshelli.

Rockwool í Danmörku en það er eitt stærsta iðn-fyrirtækið þar í landi.

„Þeir nota þetta efni í steinull, einangrun sem skiptir miklu máli í mannvirkjagerð. Þar liggja mörg tækifæri. En við höfum leitað fleiri tækifæra og eitt þeirra er að bera ávöxt núna, löngu eftir að fræjunum var upphaflega sáð. Sagan þar að baki tengist eldgosi og tilraun minni til að komast í samband við iðnaðarframleiðendur í Þýskalandi,“ segir Eiríkur.

Hann hafði um langt skeið reynt að koma á sambandi við fyrirtæki úti en hvorki gekk né rak. Svo gripu örlögin í taumana og þann 14. apríl árið 2013 hófst mikió sprengigösi í toppþöskju Eyja-fjallajökuls. Lamaði það flugsamgöngur vítt og breitt um Evrópu.

„Einn af forsvarsmönnum þess fyrirtækis sem ég hafði reynt að setja mig í samband við, var strandaglópur á flugvelli í Evrópu vegna hamfaranna. Hann var eðli máls samkvæmt ósáttur við stöðuna en þarna hafði hann tíma til að hugsa og þar sem hann sá á frétamyndum öskuna stíga til himins fékk hann hugmynd um nýtingu á gosösku í stað flugösku sem var að hverfa af markaðnum vegna lokunar á kolaorkuverum. En til þess að skoða málið nánar þurfti hann að heyrja í manninum sem hafði sífellt verið að banka á dýrnar þarna um árið.“

Hugmyndin sneri einmitt að öskunni en í mannvirkjagerð gegnir svokölluð flugaska mikilvægu hlutverki. Hún er notuð til íblöndunar í steypu og gefur henni í raun styrk og límgætu og breytir sígnámi hennar umtalsvert.

„Þessi áferð hefur verið þekkt frá örófi alda. Vítað er að Egyptar og Rómverjar hreinsuðu öskustór og blönduðu í steypuna sem þeir nýttu til smíði þíramíðanna og vatnsleiðsla svo dæmi sé tekið. Þeir vissu ekki hvað það var sem þetta efni

Tíu stærstu mengunarvaldar Evrópu

Árið 2020*	Land	Tegund	Megatonn af CO ₂ árið 2020
Belchatów	Þólland	Kolaorkuver	30,1
Neurath	Þýskaland	Kolaorkuver	18,7
Jänschwalde	Þýskaland	Kolaorkuver	13,6
Niedereraussem	Þýskaland	Kolaorkuver	11,9
Weisweiler	Þýskaland	Kolaorkuver	11,5
Mediterranean Shipping Company	Swiss	Skipafélag	10,9
Kozience Power Plant	Þólland	Kolaorkuver	10,5
Schwarze Pumpe	Þýskaland	Kolaorkuver	10,3
Opole Power Plant	Þólland	Kolaorkuver	9,7
Boxberg Werk IV	Þýskaland	Kolaorkuver	8,7

*Statista 2022

gerði, en þeir vissu að það virkaði og steypan varð betri. Á síðari tímum hefur þessi flugaska verið sótt til kolaorkuvera í Evrópu og þannig hefur úrgangur frá þeim nýst í byggingariðnaði,“ útskýrir Eiríkur fyrir blaðamanni sem aldrei hefur heyrt um þetta fyrirbæri áður.

Flugaskan verður fátæt

„Nú er verið að loka þessum brúnkolaverum hverju á fætur öðru í baráttunni við loftslagsbreytingar en það þýðir að minna og minna framboð verður af flugöskunni. Strandaglópurinn á flugvellinum sá núna gríðarlegt magn af ösku stíga til himins og þarna taldi hann mögulegt að fylla upp í framboðsgatíð,“ segir Eiríkur og bætir við:


„Við förum að skoða þessi mál í samstarfi við þá ásamt innlendum aðilum. Löögum út í rannsóknir sem reyndar leiddu í ljós að askan var of dreifð og ekki í nýtanlegu magni. Þessi vinna

vakti þó ákveðnar hugmyndir enda er svipuð efnasambönd að finna víða á Íslandi. Í stað ösku sem verður til við bruna kolaorkuvera ákvæðum við að leita að efnum sem brunnið hafa í iðrum jarðar fyrir þúsundum ára.“

Eftir miklar rannsóknir og vangaveltur er komið í ljós að mörg sem finna má í námun aðventista í Litla-Sandfelli og Lambafelli getur nýst fullkomlega í þessu skyni. En námurarnar gera lítið gagn, hvor í sínu lagi. Með því að blanda berginu saman úr þessum tveimur fjöllum verður til efni sem hefur samberilega eiginleika og flugaskan. Þau geta því orðið lykllimur að því að leysa höfundverkin sem fylgir lokun kolaveranna öguregu.

Þessar uppgötvánir, sem m.a. byggja á rannsóknnum sem fram hafa farið á vettvangi Háskóla Íslands og annarra háskólastofnana erlendis, hafa leitt til þess að Heidelberg og Eden hafa nú gert með sér samning sem miðar að því að fram-

okun kolaorkuvera



Morgunblaðið/Árni Sæberg

leida um eina milljón tonna af staðgönguefni flugösku á ári hverju.

„Þetta er í raun mjög jákvætt fyrir umhverfið. Með þessu skiptum við út öskunni sem framleidd er með heim afleiðingum að 700 þúsund tonn af CO₂ verður til, fyrir efni sem búið er til með hverfandi áhrifum á loftslagið. Þetta verður því mikilvægt framlag okkar Íslendinga til þess að berjast við loftslagsbreytingarnar.“

Ströðioð hefur aðeins áhrif til skamms tíma

Spurður út í þá kreppu sem upp er komin í orkumálum Evrópu eftir ófyrirgefanlega inmrás Rússa í Úkraínu segir Eiríkur að til skamms tíma geti þetta hægt aðeins á lokun kolaorkuvera en að til lengri tíma lítið verði þróunin sú sama og menn sáu fyrir áður en átökin brútu út. Eftirspurnin eftir flugöskunni muni auk þess ekki minnka enda alltaf þörf fyrir uppbyggingu nýrra mannvirkja. Það er stada sem ekki er bundin við Ísland og fasteignamarkað á yfirsýningu.

„Næsta skref er að ljúka umhverfismati á Litla-Sandfelli en við þurfum að stækka námu-réttindin þar til þess að þetta sé mögulegt. Þá hyggst Heidelberg ráðast í mikla uppbyggingu í Þorlákshöfn en kostnaður við hana gæti numið um 10 milljörðum króna,“ segir Eiríkur.

Vísar hann þar til verkefni sem hefið það hlutverk að taka við efni úr námunum tveimur og blanda það saman í réttum hlutföllum. Það er því ljóst að Heidelberg hyggst ekki flytja efnið önnið úr landi til áframframléðs í Þýskalandi eða annars staðar.

„Það er upplöggið að þessi umsvif skilji eitt-hvað markvert eftir hér í samfélaginu. Útflutningsverðmæti vörunnar er í tugum milljarða á ári og við gerum ráð fyrir að það skapist um 50 til 60 heilsársstörf í Þorlákshöfn og nágrenni í

tengslum við námuvinnslna og í verkefni mjúnni.“

Eiríkur bendir á að þessi uppbygging muni skjóta styrkari stöðum undir áform bæjaryfirvalda í Þorlákshöfn þess efnis að gera höfnina þar í bæ að einni umsvifamestu stórskipahöfn landsins.

„Milljón tonn eru mikill farmur og mun gegna mikilvægu hlutverki við að efla umsvifin þarna á svæðinu,“ útskýrir hann.

Nýtingarréttur til þriggja áratuga

Eðen er með 30 ára nýtingarsamning við Kirkju sjúndla dags adventista og segir hann mikilvægt að geta séð langt fram í tímann í þessum efnun.

„Við þurfum í sjálfu sér ekki að flyta okkur þótt við viljum koma þessu hratt og vel af stað. En það er kostur við efni af þessum toga að það fer ekkert. Það biður bara síns tíma þarna og það þarf hvorki að halda því köldu eða hita það upp,“ segir hann nokkuð sþoskur á svip. Ljóst er að verkefnið hleypur ekki frá honum.

Pegar blaðamaður veltir vöngum yfir þessu stórhuga verkefni og hvornig það tengist eignarhaldi adventista er ekki hjá því komist að minnst eins fallagasta en torræðasta texta sem Gamla testamentið hefur að geyma. Hann fjallar einmitt um námur og gróft eftir eðalsteinum. Hann er að finna 128. kafli Jobsbók. Þar segir: „Menn héldu myrkrinu í skefjum þegar þeir könnuðu grjótið í dimmu og niðanmyrri.“ Vísar textinn til þess að menn leyti gersma í jörðu en að þar sé þó ekki viskuna að finna. Hitt má þó fullyrða að það þarf bæði hugmyndaflugg í bland við einhvers konar vísu til að láta sér detta í hug að blanda saman jarðefnum úr tveimur íslenskum fjöllum, flytja þau til Evrópu og byggja úr þeim hús.



Raufarhólshelli við Þrengslaveg er mögnuð náttúruperla, bægt að stund til og á vetri.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Náttúruperla á heimsmælikvarða

Eiríkur hefur komið að ýmsum verkefnum í tengslum við hagnýtingu kirkjunnar á því mikla jarðnæði sem stjórn kirkjunnar festi kaup á undir lok fimmta áratugs síðustu aldar. Eitt þeirra tengist náttúruvættinu Raufarhólshelli sem margir hafa heyrt tal-að um.

Hvernig kom það verkefni til?

„Ég var búinn að ganga með þá hugmynd lengi í maganum að koma upp ferðabjónustu í kringum hellinn. Svo kom nýr formaður, Erling Snorrason, til landsins og kom hann með alveg nýja nálgun og hugsun inn í kirkjuna og ég ræddi þessar hugrenningar við hann. Ég fékk leyfi til að leggja fram viðskiptaáætlun um það hvernig hægt væri að byggja þetta upp með langtímahagsmuni kirkjunnar í huga,“ segir Eiríkur.

Hugmyndinni var vel tekið og að lokum fékk kirkjan öfluga fjárfesta með sér í lið og ráðist var í uppbyggingu aðstöðu í hellinum svo taka mætti á móti fólki með þeim hætti sem sómi var að.

„Það var í raun of seint sem ráðist var í þetta verkefni því hellirinn lá undir skemmdum. Það höfðu margir vitneskju um hann og mínar elstu heimildir af ferðamönnum á staðnum eru frá 1968. Hellirinn kemur þá fyrir í þýskum ferðaheimildum. Eldri rannsóknir liggja svo fyrir um Raufarhólshelli þar sem hann var kortlagður. Þær rannsóknir eru frá 1950,“ segir Eiríkur.

Hann bendir á að fyrir veifaraldurinn hafi um 4% allra þeirra sem sækja landið heim, komið við í hellinum og hann er því í hópi vinsælustu ferðamannastaða. Eiríkur segir það ekki koma á óvart enda sé um undravæðild að ræða. Gaman væri að sjá

fleiri Íslendinga sækja staðinn heim.

Það er ekki kirkjan sem kemur að rekstri hellisins. Hann er nú í umsjá Arctic Adventures.

Hefur kirkjan ekki viljað standa í þessum rekstri sjálf?

„Það hefur verið stefna kirkjunnar að lágmarka áhættu sína af allri starfsemi á svæðinu og þá fer betur á því að aðrir haldi utan um hana, hvort sem það er tengt ferðabjónustu eða námuvinnslu. Það er ekki heppilegt að kirkjan standi í fyrirtækjarekstri. Hennar áherslur eru á andlega sviðinu og þegar kemur að því að rétta fólki hjálparhönd í ólíkum aðstæðum lífsins.“

Ög Eiríkur segir að straumhvörf séu að verða í styrk safnaðarins sem telur aðeins um 600 manns.

„Reksturinn hefur verið góður en stór verkefni á borð við námuvinnslna styrkja starfið enn frekar. Það hefur verið öflugt innanlands og það verður hægt að efla það enn frekar með þessu. Ég á ekki sæti við borðið þar sem þessar ákvarðanir eru teknar en kirkjan hefur sinnt mannúðarstarfi alla tíð. Minn draumur væri að hægt væri að byggja upp hjálparstarf einnig erlendis, jafnvel að styðja við menntun stúlkna og ungra kvenna í löndum á borð við Pakistan og Afganistan.“

Eiríkur segir að hvernig sem það allt próist þá sé uppbyggingin á Raufarhólshelli eitt skemmtilegasta verkefni sem hann hafi komið að.

Já þetta er sennilega skemmtilegasta viðskiptaverkefni sem ég hef komið að. Það eru sennilega 4% allra ferðamanna sem koma til landsins sem eiga viðkomu þar.